

### 3. fundur stjórnar AP, starfsárið 2010-2011

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 7. mars 2011 kl.11:00

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson og Sigurgeir Höskuldsson.. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri félagsins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sigurgeir Höskuldsson, setti fund og stjórnaði honum.

#### 1. Afgreiðsla umsókna til Vaxtarsamnings Norðausturlands

- a) Farið yfir og afgreiddar umsóknir til Vaxtarsamnings Norðausturlands um þátttöku í verkefnum. Um er að ræða síðustu úthlutun vegna vaxtarsamnings 2008-2010. Alls bárust 23 umsóknir að þessu sinni og var umsótt heildarfjárhæð 46,7 mkr. og áætlaður heildarverkefnakostnaður viðkomandi verkefna 104,8 mkr. Samþykkt var þátttaka í 15 verkefnum samtals að upphæð 20 mkr. og er áætlaður heildarverkefnakostnaður þeirra verkefna 80,4 mkr.

Björn Víkingur Björnsson vék af fundi við afgreiðslu umsóknar nr. 16/2010, Margrét Bjarnadóttir við afgreiðslu umsóknar nr. 28/2010 og Pétur Snæbjörnsson við afgreiðslu umsóknar nr. 29/2010.

Samþykkt var þátttaka í eftirtölum verkefnum:

Nr. ums.	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt upphæð
15/2010	Bergur Elías Ágústsson	Kryddum tilveruna	400.000
16/2010	Bryndís Pétursdóttir	Frjósemi búfjár-falinn áhrifavaldur? Framhaldsrannsóknir	500.000
17/2010	Félag áhugafólks um heimafóður	Heimafóður-átak til athafna - Framhaldsverkefni	750.000
18/2010	Fjallasýn	Arctic Nature Experience	750.000
21/2010	Fuglastigur á Norðausturlandi	Verkefni ársins 2011	2.000.000
25/2010	Jóhann Ólafsson	Uppbygging atvinnu- og mannlífs á Raufarhöfn	3.000.000
26/2010	Jökull ehf.	Áframvinnsla á hrognum	2.000.000
27/2010	Keldusel	Útivistarfatnaður fyrir sportveiði	1.000.000
30/2010	Norðurhjari	Efling ferðapjónustu frá Jökulsá að Bakkafirði	1.200.000
31/2010	Repja	Repjurækt í Öxarfirði og Kelduhverfi	2.000.000
32/2010	Skjálftafélagið	Menningarmiðstöð á Kópaskeri	800.000
33/2010	Úti á Túni	Svæðisbundin nýsköpun	2.000.000
34/2010	Urðarbrunnur	Þekkingar- og þróunarsetur í Þingeyjarsveit	1.500.000
35/2010	Þingeyskt og þjóðlegt	Þingeyskt og þjóðlegt, samstarfverkefni	600.000
37/2010	Þura ehf.	Mývetnskt mólendi (MÝMÓ)	1.500.000

- b) Samþykkt ósk aðstandenda verkefnisins „Textahús“ þess efnis að þátttaka í verkefninu verði endurnýjuð, en verkefnið fór ekki af stað á sínum tíma vegna breytinga á högum umsækjenda.

#### 2. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi samþykkt hlutafjárukningu félagsins að upphæð 10 mkr. Fyrir liggur áskrift fyrir ríflega þeirri upphæð og verður aukningunni því jafnað út hlutfallslega miðað við staðfest hlutafjárkaup.
- b) Stefnt að næsta stjórnarfundi í viku 13 (28/3-1/4)



AP-10/11-4

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:30